

## **Reglur**

### **um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja**

#### **1. gr.**

##### *Réttur til garðsláttar*

Rétt til garðsláttar eiga:

- Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Húnaþingi vestra, sem hafa fasta búsetu í eigninni og geta ekki hirt lóðir sínar hjálparlaust.
- Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.
- Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast slátt.

#### **2. gr.**

##### *Umsóknir og umsjón*

Umsóknir um garðslátt skulu berast á skrifstofu Húnaþings vestra á eyðublöðum sem þar fást eða rafrænt á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á vefsíðu sveitarfélagsins. Fjölskyldusvið ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag og framkvæmd þjónustunnar er á höndum umhverfisstjóra Húnaþings vestra

#### **3. gr.**

##### *Fjöldi slátta og stærð lóða*

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, tímabilið júní – ágúst ár hvert. Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðarmarkna er slegnar og gras hirt og fjarlæggt. Ekki er boðið upp á áburðagjöf, beðahreinsun eða önnur garðyrkjustörf. Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús.

#### **4. gr.**

##### *Gjaldskrá*

Gjald fyrir garðslátt miðast við gjaldskrá Húnaþings vestra hverju sinni og er innheimt í lok sumars.

Árið 2021:

- |  |            |
|--|------------|
| • Lítil garður (allt að 250 m <sup>2</sup> )     | kr. 7.500  |
| • Meðalstór garður (allt að 450 m <sup>2</sup> ) | kr. 10.200 |
| • Stór garður (allt að 650 m <sup>2</sup> )      | kr. 13.100 |

Samþykkt á 1094. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 28. júní 2021